

# Fundargerð

Fyrsti fundur vinnuhóps vegna móttökuáætlunar fyrir nýja íbúa í Uppsveitum Árnessýslu

Miðvikudaginn 29.11.2023 kl. 16:00

**Fundarmenn :** Anna Katarzyna Wozniczka fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp

Kamil Lewandowski fyrri Bláskógabyggð

Nina Faryna fyrir Hrunamannahrepp

Sara Annamária Herczeg fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp

Lína Björg Tryggvadóttir – Byggðapróunarfulltrúi

## 1. Setning og kynning

- Byggðapróunarfulltrúi setti fundinn og kynnti markmið með vinnuhópnum.
- Stutt kynning á hverjum nefndarmanni þar sem þeir sögðu frá bakgrunni sínum og af hverju þeir hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu.

## 2. Yfirlit yfir verkefnið

- Byggðapróunarfulltrúi fór yfir verkefnið, tilgang þess og væntanlegar áskoranir
- Kynning á helstu þáttum sem móttökuáætlun þarf að taka til. Einnig kynnti byggðapróunarfulltrúi umsókn í Próunarsjóð innflytjendamála þar sem á að sækja um fyrir verkefni sem snýr að fjölmenningsamfélagi í Uppsveitunum og er hugsað sem undanfari móttökuáætlunar. Verkefnið hefur nú þegar hlotið 400 þúsund króna styrk úr Uppbygginarsjóði Suðurlands og verður hann nýttur til að halda menningarveislur árið 2024. Áætlað er að sækja um styrk fyrir vinnustofu fyrir erlenda íbúa sem hugsaðar eru til að skilgreina helstu þarfir og áskoranir innflytjenda þannig að hægt sé að bregðast við þeim með markvissum aðgerðum í áætluninni. Umsóknarferli í Próunarsjóð innflytjendamála er 15. desember og mun byggðapróunarfulltrúi senda gögn til vinnuhóps til rýningar og óskað er eftir að fá ábendingar sendar sem fyrst.

## 3. Skipulagning og verkefni framundan

- Ákveðið var að vinnuhópurinn myndi hafa sitt eigið svæði á Teams. Ákveðið var að næsti fundur yrði 18. janúar kl.17:00 en unnið yrði í skjölum á Teams þangað til. Byggðapróunarfulltrúi mun senda þau gögn sem hann hefur unnið vegna verkefnis til fundarmanna ásamt drög að umsókn í sjóðin.
- Farið verður betur yfir skiptingu verkefnis þegar línur skýrast varðandi styrki og verður verkefnum úthlutað á milli nefndarmanna í janúar 2024.
- Fyrstu skref rannsóknarvinnu eru þau að greina þarfir nýbúa og skilgreina hvernig hægt er að koma upplýsingum áfram á skilvirkan hátt. Upplýsingaöflun frá nýbúum verður í formi 3ja funda þar sem fengin verður ráðgjafi til að stýra upplýsingaöflun. Fundarmenn fengu það verkefni að huga að því hvaða mikilvægu þættir ættu að vera í móttökuáætlun og hvernig best sé að nálgast þarfir og væntingar nýbúa. Verður þetta til umræðu á næsta fundi.

## 4. Fundarslit

- Byggðapróunarfulltrúi gerði stutt yfirlit yfir helstu niðurstöður fundarins. Fleira ekki gert og fundi slitið 17:00